

Fundargerð 2004-06 --- 3. september

Dagsetning:

Fri, 03/09/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

föstudaginn 3. september 2004 kl. 09:00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

Listinn lítur því þannig út:

A+B sveitir:	Lagið um litina	
	Hagavagninn	
	Kyrrð	
	Tveir fílar lögðu af stað í leiðangur	
C+D sveitir:	Þytur	(Páll P. Pálsson)
	Tjarnarmars	(Páll P. Pálsson)
	Fanfaremars	(Karl O. Runólfsson)
Allar sveitir:	Öxar við ána	(Úts. Malcolm Holloway)
	Marsbúa cha-cha	
	Ryksugulagið	

Lagalistinn látinn standa nema óskir komi um annað. Leitað verður eftir aðstoð frá Páli Pampichler vegna tölvusetningar á Tjarnarmarsi. Bæti þarf inn saxófónröddum og hugsanlega einfalda einhverjar raddir fyrir yngri hljóðfæraleikara.

1. **Dagur lúðrasveitanna.** Bókaðar eru sérstakar þakkir til Hafnfirðinga fyrir sérstaklegan góðan dag í júní síðastliðnum. Skipulag og framkvæmd dagsins gekk

sérstaklega vel og vonast stjórn SÍSL til að framhald verði á Degi lúðrasveitanna í Hafnarfirði næstu ár.

2. **Styrkur frá Menntamálaráðuneyti.** Stjórn SÍSL lýsir yfir áhyggjum sínum af því að menntamálaráðherra sá ekki ástæðu til að veita styrk til starfs samtakanna á ár. Þetta setur starfsemi okkar vissar skorður, m.a. vegna Lúðrasveitar Æskunnar.
3. **NoMU fundur.** Farið var lauslega yfir efni síðasta NoMU fundar og þess næsta sem haldinn verður í Olsó og Vilborg Jónsdóttir form. SÍL mun sækja fyrir Íslands hönd.
4. **LÆ.** Líkur eru á að Kjartan Óskarsson muni að nýju halda um tónsprotann á næsta LÆ námskeiði. Sem fyrr er stefnt að LÆ námskeiði helgarnar 15. - 17. október og 29. - 30. október ásamt tónleikum á landsmóti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Össur Geirsson

ritari